

AFSTÖÐUMYND 1:500

Brunavarnir fyrir stækkun verksmiðju Actavis:

Brunasamstæður

Lager ásamt gangi, þróunarverksmiðju og lyftarahlöðu verður í sér brunasamstæðu ásamt tæknirými sem tilheyrir þróunarverksmiðju. Loftræsiklefi á 2. hæð verður er aðskilinn frá eldri byggingu og frá lager/þróunarverksmiðju með brunasamstæðuskilum.
Veggir í brunasamstæðuskilum verða með REI90 veggjum og EI-CS60 hurðum.

Brunahólfun

Þróunarverksmiðja ásamt tæknirými á 2. hæð verður í sér brunahólfi, að skilin frá lager með REI60 vegg.
Gangur verður í sér brunahólfi með EI-CS60 hurðum. Lyftarahlöðu verður í sér brunahólfi með a.m.k. EI60 veggjum og EI-CS30 hurð.
Geymsla við gang verður í sér brunahólfi með REI60 veggjum og EI-CS60 hurð.
Pökkunarrými (u.þ.b. 30 m2) verður í sér brunahólfi með a.m.k. EI60 veggjum og EI-CS60 hurð.
Stigahús upp í tæknirými á 2. hæð er skilinn af með EI60 veggjum og EI-CS60 hurð að tæknirými en EI-CS30 hurð að gangi.
Hurðir í brunahólfun verða á hurðaseglum sem loka við merki frá brunaviðvörunarkerfi þar sem þær þurfa að vera opnar m.t.t. starfseminnar.

Burðarvirki

Brunamótstaða burðarvirkja verður almennt a.m.k. R60/REI60.
Þak í nýbyggingu verður með óvörðu stálburðarvirki (gitter).
Hæðaskil verða a.m.k. REI60 (heilsteypt).

Klæðningar

Allar klæðningar (utan- og innanhúss) verða í flokki I og gólfefni í flokki G.
Klæðning útveggja verður úr A-efnum.
Þakklæðningar verða a.m.k. í flokki T.

Flóttaleiðir

Flóttaleiðir eru beint út frá pökkunarsvæði eða í gegnum gang við lager. Tvær óháðar flóttaleiðir eru frá öllum helstu rýmum. Aðeins er ein flóttaleið frá tæknirými ofan þróunarverksmiðju.
Hurðir í flóttaleiðum verða a.m.k. 0,9 m breiðar.

Brunaviðvörunarkerfi

Viðurkennt númerað brunaviðvörunarkerfi verður í húsinu skv. reglum Brunamálastofnunar og ÍSTEN54. Kerfið tengist eldra kerfi hússins. Kerfið verður tengt viðurkenndri vaktstöð.

Loftræsikerfi

Þannig skal gengið frá loftræsikerfum að þau rýri ekki brunahólfun byggingarinnar og stuðli ekki að reykútbreiðslu við bruna. ÖLL RÝMI ERU LOFTRÆST.

Reyklosun

Reyklosun frá lager verður með plasti í þaki a.m.k. 10 m2, sem skiptist í a.m.k. 2 hluta. Plastið skal bráðna við u.þ.b. 150 °C. Reyklosun frá tæknirými á 2. hæð verður með glugga á útvegg (opanleg veggeining).

Vatnsúðakerfi

Sjálfvirkt vatnsúðakerfi skv. reglugerð nr. 245/1994 verður í lager. Vatnsúðakerfið verður tengt stjórnstöð brunaviðvörunarkerfis. Vatnsúðakerfið verður búið hraðopnandi öðuhausum (QR).

Slönguker og slökkvitæki

Slönguker og slökkvitæki verða sett upp í öllu húsinu. Slönguker verða sett upp þannig að slöngurnar nái út í öll horn.
Viðeigandi gerð handslökkvitækja verður sett upp í byggingunni í samræmi við ÍST/EN3.

Út- og neyðarlýsing

Út- og neyðarlýsing verður sett upp í öllu húsinu skv. byggingarreglugerð, ÍSTENI838 og prEN 50172. Varalýsing eða neyðarlýsing verður í tæknirýmum. Lýsing þarf að vera utanhúss við neyðarstiga og útidyr flóttaleiða.

Eftirlit og viðhald brunavarnakerfa

Þjónustusamningur verður gerður um eftirlit og viðhald á brunavarnakerfum hússins (vatnsúðakerfi, brunaviðvörunarkerfi ásamt jaðarbúnaði, handvirkur slökkvibúnaður, út- og neyðarlýsing ofl.).

Sjá nánar um brunavarnir í skýrslu VSI verknúmer: 04-175.



GRUNNMYND KJALLARA/LAGNAGANGUR 1:100

Byggingarlýsing:

Um er að ræða viðbyggingu við suðurenda núverandi verksmiðju ásamt byggingu á milli rannsóknarhúss vestanmegin. Neðanjarðar þar á milli verður lagnagangur sem tengist stokk í viðbyggingu. Meginhluti viðbyggingar er lagerhúsnæði en þar verður líka þróunarverksmiðja og frammhald á pökkunarrými. Yfir pökkun og þróunarverksmiðju verður tæknirými en lager verður opinn upp.

Húsið er reyst á þjöppuðum hraunpúða
Sökklar verða steypt og beinir á staðnum og einangra skal með 75 mm plasteinangrun með rúmþyngd 24 kg/m3 meðfram útvíng byggingar, 1,5 m mælt frá sökklum.

Útveggir byggingarinnar verða staðsteyptir járnbeintir, fyrir utan þann hluta suðurveggjarins þar sem hugsanleg framtíðar stækkun getur átt sér stað og verður gert ráð fyrir opum í veggjum þar sem hægt verður að koma inn í húsið stórum einingum. Útveggir verða einangrðir að utan og klæddir með áprófilum með innbrenndum lit.

Innveggir í kringum þróunarverksmiðju og lagnastokk verða einnig staðsteyptir, en aðrir veggir verða gipsveggir á stálgrind.

Þakvirki verður stálgrindarvirki yfir lagerými en límtré yfir þróunarverksmiðju. Ysta lag er ST-137 HV stálsamlokuþakeiningum með polyurethan einangrun á milli annarsvegar límtrésbita og stálvirkis. Þak núverandi byggingar er klætt með sömu einingum. Við uppsetningu einingarna skal fylgja sama mynstri í núðurlögn og er í núverandi byggingu. Gæta skal þess vandlega að litur á núverandi einingum og nýjum einingum sé sá sami. Vísað er til teikninga arkitekta fyrir frágang á þakköntum og þéttingar í kringum op.

Gólf eru forsteyptar holplötueiningar af tveimur þykktum 210 mm (HP-210) og 265 mm (HP-265). Gera skal ráð fyrir 70 mm jámbentu ásteypulagi ofan á holplötumar. Holplötumar skulu hafa lágmark 80 mm ásetu á bitum eða veggjum.

Flatarmál núverandi húss ;
1. hæð, 2.837.00 m2
2. hæð, 2.117.00 m2
Samtals = 4.954.00 m2

Flatarmál viðbyggingar ;
Lagnagangur ; 170.30 m2
1. hæð, 1.601.60 m2
2. hæð, 1.225.90 m2
Samtals = 2.827.00 m2

Samtals = 7.781.50 m2
Lóð ; 16.663.00 m2

Nýtingarhlutfall :
7.781.50 m2 / 16.663.00 m2 = 0,47

Byggingarfulltrúi
Reykjavíkurborg
03 SEPT. 2004
Samþykkt á fundi skipulags- og byggingarnefndar
Fyrir hönd Reykjavíkurborgar

VARÚÐAR MERKINGAR Í HÚSI:
Í lýsingar skalta settar upp 24 varúð merkingar sem þurfa að vera á áberandi stað í byggingarreglugerð. Merkingarnar eiga að vera á íslensku, ensku, þýsku, frönsku, spænsku, ítölsku, grísku og portúgölsku. Merkingarnar eiga að vera á áberandi stað í byggingarreglugerð. Merkingarnar eiga að vera á íslensku, ensku, þýsku, frönsku, spænsku, ítölsku, grísku og portúgölsku.
Hús með einingum sem innihalda asbest
fá ekki [illegible]

C:
B:
A: Brunahönnun og merkingar. 26.08.2004.
BREYTINGAR: DAGS:

LYKILMYND
Matshluti 223-1528
Merking 07 0101
Viðbygging verður hluti af núverandi matshluta F.



VERKKAUPI:

actavis

REYKJAVÍKURVEGUR 78,
BYGGINGARHLUTI: F-VERKSM.GJA

ADALUPPDRÁTTUR

GRUNNMYND KJALLARA.
AFSTÖÐUMYND

VERK: DELT-0416 DAGS: 03.09.2004.
KVARÐI: 1:100 / 500 TEIKNAÐ: HMV.
SKRÁ: A-0101.dwg

ÚTI INNI
ARKITEKTAR
SKÓGHOLTSSTRÆTI 27 101 REYKJAVÍK
SÍMAR 5527660 & 5627660 FAX 5527661
MÉTTAK: utiinni@ut.is
VEFTAK: http://www.ut.is
BALDUR Ó. SVAVARSSON ARKITEKTAR FÍA
120357-5149
JÓN HÖR KORALDSSON ARKITEKTAR FÍA
021256-7579

TEIKNINGANR: A-0101 BREYTING: A

S:\A-verkefni\Deit 04\167askrningar\1-TEIKNINGAR\Verksmiðjaá-A101.dwg, 30.8.2004 16:58:13, PostScript Custom Page Size